

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 21/2002**

**frá 1. mars 2002**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2001 frá 19. júní 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 586/2001 frá 26. mars 2001 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar skilgreiningu á aðalatvinnugreinaflokkum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 588/2001 frá 26. mars 2001 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar skilgreiningar á breytum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir komi aftan við 2. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98) í XXI. viðauka við samninginn:

„2a. **32001 R 0586:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 586/2001 frá 26. mars 2001 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar skilgreiningu á aðalatvinnugreinaflokkum (Stjtíð. EB L 86, 27.3.2001, bls. 11).

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 238, 6.9.2001, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 86, 27.3.2001, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 86, 27.3.2001, bls. 18.

- 2b. **32001 R 0588:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 588/2001 frá 26. mars 2001 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar skilgreiningar á breytum (Stjtíð. EB L 86, 27.3.2001, bls. 18).“

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 586/2001 og 588/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. mars 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. mars 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

